

Vöruupplýsingar

Rust Protection Wax Ryðvarnar vax



LÝSING

Rust Protection Wax er húðunarefni sem inniheldur leysiefni, það er notað sem tæringarvörn og er byggt á vaxi, esterum, kvoðu, leysiefnum og sérstökum varnarefnum. Rust Protection Wax smýgur vel inn í holrými sem þarf að verja (svo sem suðusamskeyti). Þurr himnan hefur góða viðloðun og tæringarvarnareiginleika og lekur ekki auðveldlega út úr samskeytunum. Rust Protection Wax er þess vegna aðallega notað sem varðveislu miðill og til varnaraðgerða við viðgerðir og eftirmeðferð ökutækja, byggingatækja og í landbúnaði.

EIGINLEIKAR

- Lítið mistur við notkun
- Til úðunar á fleti eftir tjónaviðgerðir
- Smýgur vel
- Frábær tæringarvörn

TÆKNILÝSING

Grunnur	: vax/kvoða
Litur	: brúnt
Ástand	: vökvi
Lykt	: leysiefna
Þéttleiki	: 0,85 g/cm ³
Seigja við 20° C	: 3750 mPas
Blossamark	: 26° C
Suðumark	: 135° C
Föst efni	: 47 +/- 2%
Þurrktími	: 2 – 3 kl.st.
Tæringarþol	
Saltúða próf ASTM B 117	: meira en 1000 kl.st.
Hitapol þurr himna	: -30 °C til +90 °C
Vinnsluhiti	: 15 °C - 25 °C
Hitapol	: 80 °C til 90 °C
Hætta á frostsKemmdum	: nei
Ráðlagt	
geymsluhitastig	: 5 °C - 25 °C
Geymslupól	: 24 mánuðir

PI 02/05/02

Upplýsingar okkar eru byggðar á rannsóknum sem má treysta þær eru samt ekki lagalega bindandi.



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Vöruupplýsingar

Rust Protection Wax Ryðvarnar vax



NOTKUNARSVIÐ

Rust Protection Wax er mikið notað á gólf ökutækja en sérstaklega til eftirmeðferðar á margskonar varnarhúð eins og þeim sem byggja á PVC, PVC/vax, biki/gúmmí og gúmmí/kvoða.

Rust Protection Wax má einnig nota á fjöðrunarhluti svo sem drifása, hjólaþjöðrun og gorma. Meðferð með Rust Protection Wax veitir þessum hlutum bestu vernd gegn tæringu.

LEIÐBEININGAR

Yfirborð sem á að þekja með Rust Protection Wax verður að vera tandurhreint áður. Yfirborðið verður að vera þurrt og hreint og laust við fitu og algjörlega rykfrítt.

Rust Protection Wax má setja á með USB úðunarbyssu, vörunr. 6219 eða þrýstiknúnni úðunarbyssu, vörunr. 6220 með vinnuþrýstinginn 3 bar. Hristið dósina rækilega fyrir notkun. Rust Protection Wax má setja á lóðréttan flöt í einni umferð. Óhætt er að hefja akstur ökutækisins eftir u.þ.b. 2 – 3 kl.st. og fer það eftir veðri og þykkt húðarinnar.

Endanleg þörnun tekur u.þ.b. 12 – 14 kl.st.

Athugið:

Ekki úða Rust Protection Wax á vélræn liðamót, útblástursrör, hvarfakúta eða hemlakerfi.

Stífluð úðunarbyssa getur valdið því að dósin springur.

Nauðsynlegt er að fylgja leiðbeiningum um notkun úðunarbyssunnar.

Að notkun lokinni skal hreinsa úðunarbyssuna með viðeigandi hreinsiefni.

STÆRÐIR UMBÚÐA

Rust Protection Wax

1 l

60 l

200 l

vörunr. 6104 D-GB-F-I-E-NL-P

vörunr. 6170 D

vörunr. 6127 D

Vinnsluverkfæri

- UBS úðunarbyssa

- Þrýstiknúinn úðunarbyssa

vörunr. 6219

vörunr. 6220

PI 02/05/02

Upplýsingar okkar eru byggðar á rannsóknum sem má treysta þær eru samt ekki lagalega bindandi.



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is